

Alþingi
Erindi nr. P 136/1368
komudagur 19.3.2009

Fjármálaráðuneytið

19.3.2009

Með bréfi 17. mars sl. óskaði fjárlaganefnd eftir umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, 416 mál. Ennfremur er kveðið á um það í frumvarpinu að nefndarmenn fjárlaganefndar séu bundir af þagnarskyldu um þá vitneskju sem þær fá um í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um.

Samkvæmt 10. gr. laganna um Ríkisendurskoðun er Ríkisendurskoðun heimilaður aðgangur að öllum gögnum sem máli skipta þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum þeirra stofnana sem hún fjallar um. Þá getur Ríkisendurskoðun krafist upplýsinga og gagna sem geta haft þýðingu fyrir störf hennar skv. 7. gr. laganna, það er gagna sem varða reiknisstil samtaka, sjóða og annarra aðila sem fá fé eða eru ábyrgir frá ríkinu. Eins og þessi ákvæði bera með sér eru valdheimildir Ríkisendurskoðunar til öflunar upplýsinga afar víðtæk og miðast við þarfir hennar sem endurskoðanda. Og ljóst er að sum þessara gagna kunna að innihalda viðkvæmar upplýsingar um persónuleg fjármál eða viðskiptamál sem eðlilegt er að njóti verndar og séu ekki gerð opinber. Afhending þeirra til aðila sem ekki gegnir lögboðnu hlutverki þar sem upplýsingar þessar kunna að koma að gagni hlýtur að orka verulegs tvímælis. Ekki liggur ljóst fyrir að fjárlaganefnd hafi þörf fyrir þessar upplýsingar í því formi og með þeim smáatriðum sem þær eru í hjá Ríkisendurskoðun. Með hliðsjón af þessu hefur fjármálaráðuneytið allan fyrirvara á um réttmæti jafn fortakslausrar skyldu til afhendingar á gögnum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Og á það eins við þótt kveðið sé á um þagnarskyldu nefndarmanna í fjárlaganefnd. Telur ráðuneytið að ef til slíkrar lagasetningar kemur ætti að takmarka afhendingu gagnanna við það sem að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt fyrir störf nefndarinnar og kveða á um að upplýsingarnar verði afhentar í því formi sem Ríkisendurskoðun ákveður sem meðal annars gæti falið í sér að hún gæti gengið frá upplýsingunum með þeim hætti að þær væru ekki persónugreinanlegar og eftir atvikum samandregnar.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

19. mars 2009

A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis fjárlaganefndar, dags. 17. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, 416. mál.

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að Ríkisendurskoðun verði heimilað að veita fjárlaganefnd aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. 10. gr. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að nefndarmenn verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um.

Til svars erindinu skal í fyrsta lagi tekið fram að þörf er á að endurskoða lögum um stofnunina, m.a. í ljósi breytinga er hafa verið gerðar á lögum um endurskoðendur. Með vísan til þessa teldi stofnunin æskilegra að vinnu þar að lútandi verði hrint af stokkunum hið fyrsta og tillaga sú, sem ofangreint frumvarp felur í sér, verði tekin til nánari umfjöllunar og afgreiðslu við þá endurskoðun. Minnt skal á það, sem réttilega er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu, að gæta þurfi varúðar við meðferð ýmissa upplýsinga, sem varða félög er ríkið á meira en helmingshlut í. Því þarf að ígrunda allar breytingar í þá veru, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mjög vel.

Í öðru lagi þykir stofnuninni rétt að taka fram að hún telur að betur færi á að mælt væri fyrir um aðgang fjárlaganefndar að upplýsingum í 11. gr. fremur en 10. gr. laganna eins og frumvarpið gerir.

Í þriðja lagi tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur í sjálfu sér ekki óeðlilegt að mæla fyrir um heimild hennar til þess að veita fjárlaganefnd Alþingis upplýsingar um fjárhagsmálefni félaga í eigu ríkisins, sem falla undir endurskoðunarumboð og eftirlitsskyldu stofnunarinnar. Slík upplýsingagjöf gæti t.d. verið í formi skýrslna og greinargerða, sem stofnunin hefði tekið saman um málefni þeirra, hvort sem væri að beiðni stjórnar, viðkomandi ráðherra eða eigin frumkvæði. Hins vegar geldur hún varhug við því að henni verði gert að veita beinan aðgang að þeim gögnum, sem hún kann að afla á grundvelli rannsóknarheimilda sinna. Að jafnaði geymir stofnunin ekki frumgögn þeirra ríkisaðila, sem hún endurskoðar eða hefur eftirlit með, heldur hefur hún aðgang að gögnunum á viðkomandi starfsstöð. Ætla verður að heimildin eins og hún er orðuð muni vekja mikla tortryggni, t.d. hjá viðskipta-bönkum í eigu ríkisins, og geta valdið miklum vandkvæðum í framkvæmd.

Verði ekki fallist á framangreinda tillögu um að fresta afgreiðslu frumvarpsins leggur stofnunin til með vísan til þess sem að ofan hefur verið rakið að 1. gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis upplýsingar um fjárhagsmálefni þeirra aðila, sem falla undir endurskoðunarumboð hennar eða lúta eftirliti hennar skv. 6. 7. og 9. gr. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um.“